

# Héraðsdómur Austurlands

Dómur 20. apríl 2022

Mál nr. S-140/2021:

Héraðssaksóknari

(*Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari*)

(*Jón Jónsson, skipaður réttargæslumaður*)

gegn

A

(*Þórður Már Jónsson, skipaður verjandi*)

Mál þetta, sem dómtekið var 25. febrúar 2022, er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefni 18. nóvember 2021, á hendur A, kennitala [...], [...], [...], en með dvalarstað í fangelsinu á Hólmsheiði:

1. Fyrir brot í nánu sambandi og vopnalagabrot, með því að hafa, undir áhrifum áfengis, innandyra að [...] hótað sambýliskonu sinni, B, kt. [...], í verki á alvarlegan hátt með því að beina 22 cal. skammbyssu af tegundinni Beretta A87 Target (með eintaksnúmerið C52354U) að henni þar sem hún stóð í gætt baðherbergis en hótunin var til þess fallin að vekja hjá B ótta um líf sitt og heilbrigði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaganr. 16/1998.

2. Fyrir tilraun til manndráps, húsbrot, eignaspjöll og vopnalagabrot með því að hafa ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið að [...], undir áhrifum áfengis, vopnaður hlaðinni haglabyssu, af tegundinni Beretta A400Lite (með eintaksnúmerið XA155963), og hlaðinni 22 cal. skammbyssu, af tegundinni Beretta 87 Target (með eintaksnúmerið C52354U), með þeim ásetningi að bana húsráðanda, C, kennitala [...], en ekki hitt hann fyrir þar sem C hafði yfirgefið húsið skömmu áður. Einnig með því að hafa í framhaldinu skotið þremur skotum úr haglabyssunni innandyra og valdið með því spjöllum á skáp í eldhúsi, á ísskáp og spegli og á vegg á bak við spegilinn og með því að hafa skotið tveimur skotum úr skammbyssunni og valdið með því spjöllum á glerrúðu í eldhúsi og baðherbergishurð og farið út á bifreiðastæði við húsið og skotið tveimur skotum

úr haglabyssunni í vinstri hlið biffeiðarinnar [...]og einu skoti framan á bifreiðina [...]og 6 skotum úr skammbyssunni á sömu bifreið og valdið með því spjöllum á bifreiðunum sem og inngönguhurð að bílageymslu [...].

Telst þetta varða við 211. gr., sbr. 20. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

3. Fyrir hótun, brot gegn vopnalögum og barnaverndarlögum með því að hafa, undir áhrifum áfengis, hótað drengjunum D, kennitala [...] og E, kennitala [...], í verki með því að beina hlaðinni haglabyssu að þeim þar sem þeir sátu í sófa í stofu [...] sem brugðust við með því að flýja út um dyr sem lágu út á verönd við húsið frammanvert og síðan inn í nærliggjandi skóg en hótunin var til þess fallin að vekja hjá drengjunum ótta um líf sitt og heilbrigði.

Telst þetta varða við 233.gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998 og 1. mgr. 99. gr. bamavemdarlaga nr. 80/2002.

4. Fyrir tilraun til manndráps, brot gegn valdstjórninni, eignaspjöll, hættubrot og vopnalagabrot, með því að hafa skotið þremur skotum úr haglabyssu, af tegundinni Beretta A400Lite (með eintaksnúmerið XA155963), úr anddyri eða dyragætt [...] að lögreglumönnum nr. [...] og nr. [...] þar sem þau voru í vari við biffeiðina [...]sem var kyrrstæð í heimreið [...] en höglin lentu í bifreiðinni [...] sem og á framhlið húss nr. [...] við [...] handan götunnar með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á bifreiðinni sem og útveggjarklæðningu, útidyrhurð, húspaki og þremur rúðuglerjum hússins en íbúi hússins var innandyra þegar þetta átti sér stað. Með þessari háttsemi sinni stofnaði ákærði lífí og heilsu annarra í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr., 211. gr. sbr. 20. gr., 1. mgr. 257. gr. og 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

5. Fyrir brot gegn valdstjórninni og vopnalögum með því að hafa, undir áhrifum áfengis, skömmu eftir atvík sem lýst er í ákærulið 4, gengið út úr húsinu og að lögreglubifreið, sem stóð kyrrstæð á götunni fyrir ffaman húsið, þar sem lögreglumaður nr. [...] hafði leitað vars og ógnað honum í verki með því að beina að honum hlaðinni haglabyssu af tegundinni Beretta A400Lite (með eintaksnúmerið XA155963).

Telst þetta varða við 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Einnig er þess krafist að gerð verði upptæk haglabýssa af tegundinni Beretta A400Lite (með eintaksnúmerið XA155963) og 22 cal. skammbýssa, af tegundinni Beretta 87 Target (með eintaksnúmerið C52354U) sem og skotfæri sem lagt var hald á á vettvangi sbr. 69. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

*Einkaréttarkröfur:*

Jón Jónsson, lögmaður, gerir fyrir hönd C, kt. [...], kröfu um að ákærði greiði honum skaðabætur og miskabætur að fjárhæð 2.900.056 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. ágúst 2021. Hafi krafan ekki verið greidd þann 6. nóvember 2021 er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur. Auk þess er krafist fjárhæðar samsvarandi virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Jón Jónsson, lögmaður, gerir fyrir hönd forráðamanna E, kt. [...], kröfu um að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. ágúst 2021. Hafi krafan ekki verið greidd þann 4. nóvember 2021 er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni vegna réttargæslustarfa, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. XXXVI. kafla sömu laga, þ.m.t. vegna framsctningar bótakröfu.

Jón Jónsson, lögmaður, gerir fyrir hönd forráðamanna D, kt. [...], kröfu um að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. ágúst 2021. Hafi krafan ekki verið greidd þann 4. nóvember 2021 er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. laga nr. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist þóknunar til handa réttargæslumanni vegna réttargæslustarfa, sbr. 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. XXXVI. kafla sömu laga, þ.m.t. vegna framsetningar bótakröfu.

Jón Jónsson, lögmaður, gerir fyrir hönd B, kt. [...], kröfu um að ákærða verði gert að greiða brotþola miskabætur að fjárhæð 1.500.000 kr., auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 26. ágúst 2021. Hafi krafan ekki verið greidd þann 12. desember 2021 er krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. lagar. 38/2001, frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða samkvæmt málskostnaðarreikningi sem verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til hans kemur. Auk þess er krafist fjárhæðar samsvarandi virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Ákærði neitar sök samkvæmt sakarefni 1. töluliðar ákæru og krefst sýknu.

Ákærði neitar sök samkvæmt sakarefni 2. töluliðar, að því er varðar tilraun til manndraps, og krefst sýknu að því leyti. Ákærði játar sakarefni þessa töluliðar að öðru leyti, að því er varðar húsbrot, eignaspjöll, vopnalagabrot og að hafa ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið að [...].

Ákærði neitar sök samkvæmt sakarefni 3. töluliðar, að því er varðar hótanir, og krefst sýknu. Hann játar sakarefnið að öðru leyti, að því er varðar brot gegn vopnalögum og barnaverndarlögum.

Ákærði neitar sök samkvæmt sakarefni 4. töluliðar, að því er varðar tilraun til manndraps, og krefst sýknu. Hann játar sakarefnið að öðru leyti, að því er varðar brot gegn valdstjórninni, eignaspjöll, hættubrot og vopnalagabrot.

Ákærði játar sakarefni 5. töluliðar, að því er varðar brot gegn valdstjórninni og brot gegn vopnalögum.

Ákærði samþykkir upptökukröfur ákæruvalds á fyrrnefndum skotvopnum, haglabyssu og skammbyssu, en einnig á þeim skotfærum sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins og vísað er til í ákæru.

Ákærði samþykkir að greiða sundurliðaða einkaréttarkröfu C, að hluta, þ.e. annars vegar vegna munatjóns að fjárhæð 91.000 krónur vegna sjálfsábyrgðar tryggingar á bifreið og hins vegar vegna munatjóns vegna tjóns á bifreið að fjárhæð 809.056 krónur og þá í samræmi við sundurliðaða skoðunaskýrslu. Ákærði samþykkir þannig að greiða nefndum brotþola bætur, samtals að fjárhæð 900.056 krónur. Ákærði krefst á hinn bóginn sýknu á kröfu C um miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna, en til vara krefst hann þess að krafan verði lækkuð verulega.

Ákærði samþykkir bótaskyldu vegna miskabótakröfu E, en krefst þess að hún verði lækkuð.

Ákærði samþykkir bótaskyldu vegna miskabótakröfu D, en krefst þess að hún verði lækkuð.

Ákærði krefst þess aðallega að einkaréttarkröfu B verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að krafan verði lækkuð verulega.

Sakflytjendur, Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari og skipaður verjandi ákærða, Þórður Már Jónsson lögmaður, en einnig skipaður réttargæslumaður allra brotaþolanna, Jón Jónsson lögmaður, áréttuðu við flutning málsins ofangreindar kröfur í aðalatriðum. Að því er varðaði sakargiftir samkvæmt 1. kafla ákærunnar var sakarefnið einnig reifað með hliðsjón af ákvæði 233. gr. almennra hegningarlaga.

Sækjandinn rökstuddi kröfur sínar, en hann byggir á því að sakir gegn ákærða séu allar sannaðar, sbr. verknaðarlýsingu ákæru, og þá með eigin játningu hans, en einnig að virtum vitnisburðum og ítarlegum rannsóknargögnum lögreglu. Af hálfu ákæruvalds er á því byggt að sakarefni 4. töluliðar ákærunnar, að því er varðaði tilraun til manndráps, sbr. ákvæði 211. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaganna, varði eingöngu lögreglumanninn nr. [...] en til vara við ákvæði 4. mgr. 220. gr. sömu laga, og þá þannig að um hættubrot hafi verið ræða. Jafnframt var á því byggt að hið síðargreinda ákvæði tæki til háttsemi ákærða gagnvart lögreglumanninum nr. [...] og íbúa hússins í [...]

Hinn skipaði réttargæslumaður rökstuddi einkaréttarkröfu brotaþola. Hann áréttaði vaxtakröfur, en lýsti því yfir að kröfur um dráttarvexti miðuðust allar við birtingu ákæru fyrir ákærða þann 25. nóvember sl., og þá frá 25. desember sama ár. Þá krafðist réttargæslumaðurinn hæfilegra launa vegna eigin starfa við alla meðferð málsins.

Verjandinn rökstuddi við hinn munnlega flutning áðurgreindar kröfur ákærða í máli þessu. Verjandinn vísar helst til þess að ákæruvaldið hefði eigi sannað sök um þau sakartriði sem ákærði hefur neitað, og þá á grundvelli saknæmisreglunnar um skort á ásetningi. Verði ákæruvaldið að bera hallann þar af, samkvæmt grunnreglum sakamálaréttarfars. Til vara krefst verjandinn vægustu refsingar til handa ákærða sem lög leyfa. Þá krefst verjandinn hæfilegra launa við alla meðferð málsins, við lögreglurannsóknina og fyrir dómi.

.....

## IX.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ákærða af hálfu ákærvaldsins gefið að sök í ákæru ætluð refsiverð brot í fimm tilgreindum tilvikum, að kveldi 26. ágúst 2021.

Í ákærinni er brotavettvangur annars vegar tilgreindur á heimili ákærða og þáverandi sambýliskonu hans, að [...], og hins vegar á og við heimili vitnisins C og unglingssona hans, að [...], en einnig að hluta til við [...]. Í ákærinni eru brot ákærða tíunduð sem brot í nánu sambandi, vopnalagabrot í fjögur skipti, fyrir tilraun til manndráps í tvígang, hótunarbrot, húsbrot, eignaspjöll í tvígang, brot gegn barnaverndarlögum, hættubrot og fyrir brot gegn valdstjórninni í tvígang. Háttsemin er nánar tiltekin í ákæru, en einnig heimfærsla til laga.

Við aðalmeðferð málsins fór dómari á vettvang í tvígang, að [...]og [...], þann 24. og 25. febrúar sl., og þá ásamt sakflytjendum.

1. Í 1. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök brot í nánu sambandi og vopnalagabrot, með því að hafa, undir áhrifum áfengis, innandyra á eigin heimili, að [...], hótad sambýliskonu sinni, brotaþolanum B, í verki á alvarlegan hátt með því að beina að henni skammbyssu þar sem hún stóð í gætt baðherbergis og að hótunin hafi verið til þess fallin að vekja hjá sambýliskonunni ótta um líf sitt og heilbrigði, líkt og nánar er þar rakið.

Í ákæru er um heimfærslu ætlaðra brota vísað til 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Ákvæði 1. mgr. 218. gr. b í hegningarlögum hljóðar svo:

„Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, skal sæta fangelsi allt að 6 árum.“

Þá hljóða ákvæði 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaganna nr. 16/1998 svo:

„Þeim sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa er óheimil meðferð skotvopns.“ og „Brot gegn lögum þessum og reglum sem settar verða samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að 4 árum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum. Stórfelld brot eða margítrekuð varða fangelsi allt að 6 árum. Með stórfelldu broti er m.a. átt við brot sem er framið í sambandi við atvinnustarfsemi eða varðar mörg eða sérstaklega hættuleg vopn, efni eða tæki eða mikið magn sprengiefnis eða skotelda, enn fremur ef hætta eða tjón hefur hlotist af broti.“

Ákærði neitar sök.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir á ákærvaldinu sönnunarbyrði um sekt ákærða og atvik, sem telja má honum í óhag, og verður að skýra skynsamlegan vafa ákærða í hag, sbr. 109. gr. sömu laga.

2. Fyrir liggur að þegar atvik máls þessa gerðust höfðu ákærði og þáverandi sambýliskona hans, vitnið og brotapolinn B, verið í sambúð í rúmt ár, og að þar af höfðu þau haldið heimili í tæpa þrjá mánuði að [...]. Bæði höfðu þau verið í langri sambúð áður, og er atvikum að því leyti að nokkru lýst hér að framan í kafla II, liðum 2-3, en þá einnig atvikum þeim tengdum, þ. á m. að því er varðar samskiptin við fyrrverandi eiginmann sambýliskonunnar, vitnið og brotapolann C, svo og við piltana D og E. Verður ekki annað ráðið en að allkært hafi verið með ákærða og þeim síðarnefndu og að hann hafi þannig litið á þá sem fóstursyni sína. Liggur m.a. fyrir að ákærði hafði sumarið 2021 tekið annan piltinn með sér á skotveiðar, en það hefur verið hans helsta áhugamál um áratugaskeið. Var ákærði þannig með skotfæri, þ. á m. haglaskot með blýhöglum, en einnig margvísleg skotvopn, þ. á m. skammbyssu, haglabyssur og riffla, í kjallara húseignarinnar að [...], í læstum skáp, sbr. að því leyti m.a. skýrslur lögreglu um húsleit.

Af framburði ákærða og brotapola B verður ráðið að sambúð þeirra hafi gengið vel í aðalatriðum, og var það ætlan þeirra að ganga í hjónaband þremur dögum eftir þau atvik sem mál þetta varðar. Engu að síður hafa þau, hvort um sig, greint frá því að nokkur spenna hafi verið í sambandinu, og er það í samræmi við áðurraktar matsgerðir hinna dómkvöddu matsmanna. Verður ráðið að þessi spenna hafi m.a. komið til af ... sambýliskonunnar, en einnig tortryggni og óánægju ákærða

af þeim sökum. Einnig verður ráðið að þetta ástand hafi m.a. verið kveikjan að því að ákærði hafði í ölvunarástandi í júlímánuði kveikt eld við heimili þeirra og þá m.a. brennt fatnað konunnar. Um þennan síðastgreinda atburð hefur ákærði að mestu borið við minnisleysi. Frásögn brotþola um þetta hátterni ákærða hefur aftur á móti stoð í rannsóknargögnum, en einnig mætti F lögreglukonu, sem var kvödd á vettvang ásamt slökkviliðsmönnum.

3 Auk hins síðastgreinda atburðar tilgreina rannsóknargögn, en einnig matsgerðir dómkvaddra matsmanna, að þegar þeir atburðir gerðust sem hér eru til umfjöllunar hafi ákærði um hríð verið mjög ósáttur, stressaður og afbrýðisamur vegna þeirra tíðu samskipta sem hann ætlaði að hefðu verið með sambýliskonu hans og fyrrverandi eiginmanni hennar, vitninu og brotþolanum C, og þá m.a. þegar hann hafi verið fjarverandi vegna vinnu sinnar. Af gögnum verður hins vegar ráðið að þessi samskipti hafi helst varðað málefni sona þeirra tveggja, þ.e. vitnanna D og E.

4. Þá liggur fyrir í málinu að ákærði var leiður, líkt og nefnd sambýliskona hans, yfir þeirri ákvörðun nefndra pilta að vilja ekki vera viðstaddir hið væntanlega brúðkaup þeirra.

5. Loks liggur fyrir að veruleg spenna hafði verið á milli ákærða og sambýliskonunnar, brotþola í þessum þætti málsins, í um sólarhring vegna orða, sem fyrrverandi eiginmaður hennar, C, hafði skömmu áður látið falla í netsamskiptum þeirra í millum, sem hún virðist að einhverju leyti hafa greint ákærða frá. Verður ráðið af gögnum að það sem helst hafi komið við ákærða hafi verið þau orð C, að hann hefði ógnað mági sínum með skotvopni. Við meðferð málsins fyrir dómi hefur C borið að aðeins hafi verið um söguburð að ræða. Er það í samræmi við vætti nafngreinds mágs ákærða fyrir dómi. Óumdeilt er að hið síðastgreinda atriði leiddi að lokum til þess að það kastaðist í kekki með ákærða og sambýliskonu hans, B, á heimili þeirra að kveldi 26. ágúst 2021.

6. Ákærði hefur við alla meðferð málsins borið við verulegu minnisleysi um nánari atvik máls, þ.e. á eigin heimili umrætt kvöld. Hann hefur þó borið um að hann

hafi átt í tilfinningaþrungnum samskiptum við sambýliskonu sína, og var það ætlan hans að þau samskipti hefðu hafist laust eftir klukkan 21:00. Er óumdeilt að þegar þetta gerðist hafði ákærði drukkið fimm hálf lítra áfenga bjóra, en einnig einn minni bjór, og þá frá því fyrr um daginn, um klukkan 17:00, en einnig um kvöldið. Verður ráðið af gögnum að brotapolinn B hafi neytt álíka magns af áfengum bjór. Í þessu samhengi verður ekki horft fram hjá niðurstöðum og vætti sérfræðings Rannsóknastofu Háskóla Íslands um ætlað áfengismagn í blóð ákærða, um kl. 22:00, en þá er einnig að því leytinu horft til álits yfirmatsmanna, sbr. kafla III, liði 3-4 og kafla V.

7. Ákærði og brotapolinn B eru ein til frásagnar um það sem gerðist þeirra í millum á heimili þeirra í greint sinn, og þá eftir að annar sonur brotþola hafði litið þar við í skamma stund, um kl. 20:00. Aftur móti er á meðal rannsóknargagna lögreglu áðurraktar hljóðupptökur, sem að nokkru eru samtímagögn, sbr. það sem rakið var í kafla II, liðum 7-9, hér að framan.

Ákærði hefur borið um að hin erfiðu samskipti hafi hafist með þeim hætti að hann hafi óskað eftir því að sjá þau símanetsamskipti, sem brotþoli hafði áður minnst á, og þá um að hún hefði átt í samskiptum við fyrrverandi eiginmann sinn, vitnið C. Það hafi verið ætlan hans að taka skjáskot af áðurnefndu slúðri og þá um hótunina gagnvart máginum. Liggur fyrir að brotþoli neitaði þessari ósk, en ágreiningur er með þeim um hvort ákærði hafi náð símanum í stutta stund af brotþola, en hún síðan fljótlega náð tækinu aftur. Aftur á móti er ekki ágreiningur um að eftir þennan atgang hafi brotþoli farið einsömum inn á baðherbergið, og að ákærði hafi eftir það verið fyrir utan læsta hurðina, a.m.k. um stund.

Ákærði hefur borið um að hann minnst þess að hafa verið pirraður í skapi þegar atvik máls gerðust og að hann hafi rifist við brotþola við baðherbergishurðina. Ákærði hefur að öðru leyti ekki treyst sér til að greina vel frá málsatvikum sökum minnisleysis. Hann hefur aftur á móti borið á móti þeirri frásögn brotþola að hann hafi viðhaft hótun gagnvart henni með skammbyssu, sbr. atvikalýsingu í þessum ákærukafla. Ákærði hefur þannig neitað refsiverðri sök, en jafnframt látið þá skoðun í ljós að útilokað hafi verið þegar atvik máls gerðust að hann hafi sýnt af sér það athæfi gagnvart sambýliskonunni, sem ákæruvaldið heldur fram í málsókn sinni.

Ákærði hefur jafnframt borið að hann minnst þess ekki að hafa farið í kjallaraðgermslu heimilis síns í greint sinn. Þá hefur ákærði borið um að hann minnst þess ekki að hafa tekið til þau vopn og skotfæri, sem hann hafði með sér í eigin bifreið, þá er hann ók að heimili vitnisins C og sona hans, að [...]. Verður ráðið af framburði ákærða að hann rámi helst í að hafa farið frá baðherbergishurðinni um tíma, en komið þangað aftur, en sú frásögn er þó harla óljós. Að öðru leyti hefur ákærði borið við minnisglöpum um gjörðir sínar á heimilinu, en einnig um það sem næst gerðist, þ. á m. brottför hans af heimilinu og akstur á eigin bifreið að [...].

Brotapolinn B hefur fyrir dómi, líkt og við alla meðferð málsins, við yfirheyrslu hjá lögreglu, og í óformlegum viðræðum við lögreglukonu skömmu eftir að atvik máls gerðust að [...], sbr. efni áðurrakinnar frumskýrslu lögreglu, greint frá því að ákærði hafi verið mjög reiður umrætt kvöld og að reiði hans, en einnig afbrýðisemi, hafi beinst gegn fyrrverandi eiginmanni hennar, vitninu og brotapolanum C. Þá hefur hún borið um að ákærði hafi látið mjög þung orð falla í garð C.

Nefndur brotapolí hefur einnig borið að eftir að rifrildi hennar og ákærða linnti við lokaða baðherbergishurðina hafi komist á kyrrð, að hún hafi að nokkurri stundu liðinni opnað dyrnar lítilega, en þá séð til ákærða þar skammt frá. Hefur hún staðhæft að við þessar aðstæður hafi ákærði verið með skammbyssu í hendi, sem hann hafi lyft upp og beint að henni, en hún þá lokað í skyndi. Vegna þessa hafi hún í ótta sínum leitað skjóls í steiptu baðkeri, en í framhaldi af því hringt til Neyðarlínunnar, og lýst atvikum máls, en þá einnig ótta um fyrirhugaðar gjörðir ákærða gagnvart fyrrverandi eiginmanni, C.

8. Að áliti dómsins hefur brotapolí í öllum aðalatriðum verið staðföst í frásögn sinni um lýst atvik. Þá hefur frásögn hennar verulega stoð í áðurröktum hljóðupptökum, sbr. það sem rakið var í kafla II hér að framan, en þar er um að ræða upptökur úr síma, sem greina frá atvikum máls í rauntíma. Þá verður ekki framhjá því horft að óumdeilt er í máli þessu að skammbýssa var á meðal þeirra vopna sem ákærði hafði með sér af heimili sínu þegar hann ók þaðan um kl. 22:00 umrætt kvöld.

Að áliti dómsins er framburður brotapóla trúverðugur, en hefur eins og áður sagði allnokkra stoð í gögnum málsins. Frásögn ákærða er aftur á móti gloppótt og

verður að ætla að þar hafi komið til þau minnisglöp, sem hann hefur haldið fram að hafi hrjáð hann, auk nokkurs ölvunarástands, samfara lyfjatöku samkvæmt læknisráði. Af framlögðum gögnum, ekki síst fyrrnefndri hljóðupptöku, verður lagt til grundvallar að ákærði hafi verið í miklu andlegu ójafnvægi þegar atvik gerðust á heimili hans. Að öllu þessu virtu og þegar áðurgreind gögn eru virt heildstætt er að áliti dómsins hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi viðhaft þann verknað sem lýst er í 1. kafla ákæru, og er hann því sannur að sök. Í ljósi alvarleikans er fallist á með ákæruvaldinu að ákærði hafi með þessari háttsemi brotið gegn 1. mgr. 218. gr. b í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

9 Í 2. kafla ákæru er ákærða í fyrsta lagi gefin að sök tilraun til manndráps, en einnig húsbrot, eignaspjöll og vopnalagabrot og þá með því að hafa ruðst heimildarlaust inn í íbúðarhúsið að [...], undir áhrifum áfengis, vopnaður nánar tilgreindum hlöðnum vopnum, haglabyssu og skammbyssu, með þeim ásetningi að bana húsráðandanum og brotapolanum C, en ekki hitt hann fyrir þar sem C hafði yfirgefið húsið skömmu áður.

10. Í þessum síðastgreinda kafla ákærunnar, seinni hluta, er ákærða í öðru lagi, og þá í samræmi við ofangreinda lýsingu að hluta, gefið að sök að hafa skotið þremur skotum úr haglabyssunni innandyra og valdið með því spjöllum á skáp í eldhúsi, á ísskáp og spegli og á vegg á bak við spegilinn og með því að hafa skotið tveimur skotum úr skammbyssunni og valdið með því spjöllum á glerrúðu í eldhúsi og baðherbergishurð og farið út á bifreiðastæði við húsið og skotið tveimur skotum úr haglabyssunni í vinstri hlið bifreiðarinnar [...]og einu skoti framan á bifreiðina [...]og 6 skotum úr skammbyssunni á sömu bifreið og valdið með því spjöllum á bifreiðunum sem og á inngönguhurð að bílageymslu [...].

Í ákæru er þessi háttsemi ákærða talin varða við 211. gr., sbr. 20. gr., 231. gr. og 1. mgr. 257. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust játað sakargiftir og verknaðarlýsingu, að því er varðar ofangreindan seinni hluta ákærukaflans, þ.e. húsbrot, eignaspjöll og vopnalagabrot. Þar sem játning ákærða er að þessu leyti í samræmi við ítarleg rannsóknargögn tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, sem staðfest voru

fyrir dómi, en einnig vætti vitna, og þá ekki síst piltanna D og E, en einnig lögreglukonunnar F, sem að nokkru fylgdist með gjörðum ákærða innandyrna að [...], telur dómurinn ekki ástæðu til að efa að játning ákærða sé sannleikanum samkvæm. Þykir því sannað að ákærði hafi gerst sekur um tilgreinda háttsemi, og þar með gerst brotlegur gegn 231. gr. og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

11. Ákærði neitar sök að því er varðar sakargiftir um tilraun til manndráps.

Eins og hér að framan er rakið hefur ákærði játað að hafa undir áhrifum áfengis m.a. ruðst inn á nefnt heimili, en hann neitar því að það hafi hann gert til þess að ráða brotapolanum C bana. Af hálfu verjanda ákærða er um sýknukröfu að þessu leyti einkum vísað til sönnunarskorts, sem ákærvaldið verði að bera hallann af, samkvæmt áðurgreindum grunnreglum sakamálaréttarfars.

Ákvæði 211. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: *„Hver, sem sviptir annan mann lífi, skal sæta fangelsi, ekki skemur en 5 ár, eða ævilangt.“*

Ákvæði 1. mgr. 20. gr. hegningarlaganna hljóðar svo: *„Hver sá, sem tekið hefur ákvörðun um að vinna verk, sem refsing er lögð við í lögum þessum, og ótvírætt sýnt þann ásetning í verki, sem miðar eða er ætlað að miða að framkvæmd brotsins, hefur, þegar brotið er ekki fullkomnað, gerst sekur um tilraun til þess.“*

Þá segir í 2. mgr. hins síðastgreinda ákvæðis: *„Fyrir tilraun til brots má dæma lægri refsingu en mælt er um fullframin brot. Skal það einkum gert, þegar af tilrauninni má ráða, að brotamaðurinn sé ekki eins hættulegur og vilji hans ekki eins harðnaður og ætla má, að sé um menn, sem fullfremja slík brot.“*

Um sakfellingu varðandi ofangreinda háttsemi byggir ákærvaldið einkum á framburði vitna, en einnig ákærða svo og á rannsóknargögnum lögreglu.

12. Líkt og hér að framan hefur verið rakið hringdi fyrrnefnd sambýliskona ákærða, B, í Neyðarlínuna, klukkan 22:04, að kveldi 26. ágúst 2021, og lýsti ótta sínum við ákærða, en einnig og ekki síst lýsti hún yfir ótta um að hann ætlaði að fara á eigin bifreið að heimili fyrrverandi eiginmanns hennar, vitnisins, C, og tveggja sona þeirra, D og E, að [...]. Samkvæmt frásögn brotþola, sem stoð hefur í hljóðritun af nefndu símtali, hafði ákærði skömmu áður haft orð á því að hann ætlaði að gera brotþola, húsráðandanum að [...], mein. Þessu til stuðnings vísar ákærvaldið sérstaklega til áðurnefnds hljóðritaðs

símtals ákærða við sambýliskonununa. Að virtum gögnum verður lagt til grundvallar að símtal þetta hafi farið fram þegar ákærði var að aka á eigin bifreið að nefndri húseign. Þetta síðastgreinda símtal hófst umrætt kvöld kl. 22:12, en fyrir liggur að einungis er um fárra mínútna akstursleið að ræða á milli nefndra húseigna. Símagögnin hafa hér að framan að nokkru verið rakin, sbr. II. kafla, liðir 8-10.

Í hljóðrituninni við Neyðarlínuna segir nefnd sambýliskona m.a. að ákærði hafi haft á orði að hann ætli að deyja þá um kvöldið, en einnig að það muni henda fleiri aðila. Sambýliskonan bætir því einnig við að ákærði sé þjáður af „sturlaðri afbrýðisemi.“

Í hinu síðarnefnda símtali má heyra ákærða viðhafa orð um að hann hafi í hyggju að taka viðkomandi út; „þetta kvikindi“, en einnig segir hann: „Ég hata þetta fokking kvikindi.“ Er fallist á með ákæruvaldinu að þarna hafi ákærði átt við vitnið og brotapolann C. Verður það því lagt til grundvallar í málinu.

Í ofangreindu viðfangi ber til þess að líta að tilkynning eða hótun um að svipta einhvern lífi telst ekki tilraun til manndráps og verður mönnum ekki refsað fyrir illar hugsanir einar saman.

Fyrir dómi hefur ákærði borið við minnisleysi um gjörðir sínar umrætt kvöld, að nokkru, líkt og hér að framan hefur verið rakið. Ákærði hefur þannig borið að hann minnst þess ekki að hafa farið að byssuskápnnum í bílskúrnum á heimili sínu og tekið þaðan þá haglabyssu og skammbyssu, sem við sögu komu. Ákærði hefur á hinn bóginn eigi vefengt að hann hafi haft þessi vopn með sér þegar hann fór frá heimili sínu og sömuleiðis að hann hafi haft með sér þau skotfæri, sem rannsóknaraðilar fundu á vettvangi, sbr. m.a. kafla IV hér að framan. Og eins og áður hefur verið rakið hefur ákærði skýlaust játað að vera valdur að þeim skotummerkjum sem lýst er í þessum kafla ákærunnar, og að því leyti hefur hann einnig alfarið staðfest rannsóknargögn lögreglu.

Fyrri liggur að ákærði hefur nær engar eða a.m.k. mjög óljósar minningar um eigin akstur á jeppabifreiðinni [...] umrædda akstursleið, þ.e. frá eigin heimili, austur yfir [...], suður hæðótta [...] og allt þar til hann lagði bifreiðinni í malarborið bifreiðastæðið við [...], skáhallt fyrir framan jeppabifreið vitnisins C, [...].

Samkvæmt vætti F lögreglukonu og vitnisins H öryggisvarðar var það glannalegt aksturslag ákærða, sem fyrst vakti athygli þeirra, og þá m.a. þegar hann ók í beygjum, en síðan suður [...]stuttan spöl að nefndri húseign. Verður lagt til grundvallar, sbr. frásögn brotapolans C og sona hans, D og E, að þegar þetta gerðist hafi nefndur brotapoli rétt nýlega verið farinn út af heimili sínu og þá í gönguferði um útivistarsvæði [...], sem er

rétt við húseign hans. Liggur þannig fyrir að piltarnir voru einir á heimilinu þegar atburður þessi gerðist, nánar tiltekið í stofunni, sbr. það sem nánar var rakið hér að framan, m.a. í kafla II, lið 14, og kafla VI, liðum 19 og 21.

Fyrir dómi, líkt og við lögreglurannsókn málsins, hefur ákærði borið að tilgangur hans í greint sinn hafi ekki verið að bana C, þ.e. þegar hann ók að heimili hans og ruddist inn í húseignina [...] vopnaður skammbyssu og haglabyssu. Hefur ákærði borið að í raun hafi það verið ætlan hans að láta C finna fyrir því, og þá vegna lyganna um að hann hefði ógnað mági sínum með byssu, og láta hann þannig kynast slíku athæfi af eigin raun og á eigin skinni.

Við hina fyrrnefndu yfirheyrslu lögreglu, hinn 28. ágúst 2021, svaraði ákærði því til að hann myndi í raun ekkert eftir því að hafa sent áðurrakin netsímaskilaboð til sambýliskonu sinnar, sem rakin eru í kafla II, lið 10, sem varða orð hans um að hann ætli að „ganga frá C og drepa hann“ líkt og rannsakari túlkar þau orð hans. Við lögregluyfirheyrsluna greindi ákærði frá því að þegar sambýliskona hans hefði neitað að senda honum þau skilaboð, sem hún hefði áður fengið frá C, um að hann hefði verið með morðhótun gagnvart mági sínum, hefði hann hreinlega „snappað“ og sagði: „... ég sá bara svart.“

Við lögregluyfirheyrsluna, sem ákærði staðfesti efnislega fyrir dómi, áréttaði hann það sem hér að framan hefur verið rakið í öllum aðalatriðum, þ. á m. að hann myndi í raun lítið sem ekkert eftir viðskiptunum við sambýliskonuna umrætt kvöld, og ekki þegar hann tók fram skotvopnin og þá ekki heldur þegar hann ók eigin jeppabifreið að [...], en sagði um framhaldið: „... Æ, ég veit ekki einu sinni hvað ég ætlaði að gera ... Ég ætlaði ekkert að skjóta hann, neitt náttúrulega, ógna honum (C).“

Við seinni lögregluyfirheyrsluna, þann 25. nóvember sl., var ákærði sérstaklega spurður um nefndan tilgang, og svaraði hann þá m.a. með eftirfarandi hætti: „Ég veit ekki hvort að hugsunin var ... fyrst B gat ekki látið mig hafa þessi gögn, að ég ætlaði að fá þau hjá honum, ég veit það ekki, hvað eða hvort ég ætlaði að lesa yfir hausamótunum á honum.“ Ákærði sagði nánar aðspurður við yfirheyrsluna að hann hefði í raun enga skýringu á því af hverju hann hefði tekið með sér fyrrnefnd skotvopn svo og skotfærin. Hann vísaði m.a. til þess að slíkt athæfi hafi farið gegn öllum hans gildum sem skotveiðimanns síðastliðin 30 ár. Sagði ákærði að þessi háttsemi hefði því í raun verið „fjarstæðukennd ... ég get ekki útskýrt það ... það slær eitthvað saman ...“ Frásögn

ákærða var að öðru leyti með líku sniði og rakið er í kafla II, lið 7, hér að framan, og þá m.a. varðandi hugsanir hans, viðhorf og hvatir, og þá m.a. til brotaþolans C.

13. Við meðferð málsins fyrir dómi hefur ákærði borið að hann hafi á verknaðarstundu verið gríðarlega reiður, í raun verið sturlaður af reiði. Jafnframt hefur ákærði lýst því að hann hafi fyrst komist til sjálfs sín þegar hann hafi verið fyrir utan eigin bifreið á bifreiðastæðinu fyrir utan húseignina [...], þar sem hann hafi í rökkkrinu verið að hlaða skotin í þau vopn sem hann hafði haft meðferðis. Ákærði lýsti nokkru minnisleysi um næstu gjörðir sínar, að öðru leyti en því að hann áréttaði að hann hefði verið „brjáláður af reiði“ þegar hann ruddist inn í húseignina, en þá aðeins hitt fyrir nefnda syni C, D og E. Ákærði kvaðst minnst skelfingarsvipsins á öðrum piltinum áður en hann flúði út úr eigninni. Eftir það kvaðst ákærði minnst þess að hafa farið aftur út á bifreiðastæðið þar sem hann hafi hringt í D, en misst stjórn á skapi sínu þegar hann hlýddi á rödd hans. Í beinu framhaldi af því hafi hann byrjað að skjóta á kyrrstæðar bifreiðar C, en eftir það farið á ný inn í húseignina þar sem hann hafi haldið áfram að skjóta. Að þessu leyti verður að mati dómsins ekki horft fram hjá framburði vitnisins D varandi símaviðræður þess við ákærða og hina miklu reiði hans á verknaðarstundu, en einnig verður horft til lýsinga lögreglugumannanna F og G, og þá um hörmulega ásýnd ákærða, sbr. VI. kafla, liði 14, 18 og 19.

14. Óumdeilt er að þegar framangreind atvik gerðust var í fyrstu vel rökkvað, en skömmu síðar aldimmu utandyra. Aftur á móti var ætíð ljós innandyra í húseigninni [...], en einnig var inniljosið í bifreið ákærða tendrað og loks voru útidyraljós húseigna í íbúðarhverfinu tendruð, líkt og á götuvatnum í næsta nágrenni þeirra.

15. Framburður vitnanna D og E er að áliti dómsins samhljóða um að ákærði hafi verið mjög æstur þegar hann ruddist inn á heimili þeirra, og að hann hafi þá haft haglabyssuna við öxlina og að einhverju leyti miðað henni. Liggur fyrir að þegar þetta gerðist sátu piltarnir í sófa í stofunni, en húsgögnin voru nær miðju gólfi vegna yfirstandandi málningarvinnu. Einnig var allstór stigi að hálfu leyti í gangveginum inn í stofuna. Frásögn piltanna er samhljóma um að ákærði hafi margsinnis öskrað að þeim og spurst fyrir um föður þeirra. Samkvæmt frásögn vitnisins D óttaðist hann að ákærði

ætlaði að skjóta föðurinn, og þá ekki síst eftir að það hafði heyrt byssuhvelli eftir að þeir bræður höfðu flúið í skyndingu út úr húseigninni.

16. Framburður vitnisins B fyrir dómi er í samræmi við það sem hér að framan hefur verið rakið, en einnig um það sem skráð er í frumskýrslu lögreglu, þ.e. að hún hafi óttast að ákærði myndi láta verða af hótuninni um að taka fyrrverandi eiginmann þess af lífi og að þar hafi komið til hin mikla afbrýðisemi. Að þessu leyti þykir einnig verða að horfa til staðfesta matsgerða hinna dómkvöddu matsmanna.

17. Samkvæmt framansögðu er að álitni dómsins sannað að á verknaðarstundu hafi ákærði borið mjög þungan hug til vitnisins og brotaþolans C, og að þar hafi komið til slúður sem vitnið hafði skömmu áður viðhaft, en ekki síður mikil afbrýðisemi af hálfu ákærða í garð vitnisins. Liggur þannig fyrir að ákærði hafi á verknaðarstundu verið í andlegu ójafnvægi, en til viðbótar hafi hann verið lítilega undir áhrifum áfengis, en hafði þá að auki tekið inn þunglyndislyf samkvæmt læknisráði.

Ákærði hefur ekki fyllilega getað lýst meðferð sinni á eigin skotvopnum í greint sinn og ekki heldur ökuferðinni að [...], og þá sökum minnisglapa. Af framburði vitna er að álitni dómsins nægilega sannað að ákærði hafi ekið umrædda akstursleið, frá [...] og að nefndri húseign, með töluverðum ökuhraða. Einnig liggur fyrir að hann var þá einungis íklæddur náttbuxum og bol. Þá er að álitni dómsins nægjanlega sannað með vætti vitna, að þegar ákærði kom að húseigninni [...] hafi brotaþolinn C nýlega verið farinn þaðan út, og að þar hafi í raun ráðið hrein tilvilun.

Fyrir liggur að ákærði þekkti vel til nefnds heimilis, en hann hefur borið um að hann minnst þess að hafa hlaðið skammbyssuna og haglabyssuna skotfærum fyrir utan eigin bifreið, og þá við heimilið, og þá rétt áður en hann ruddist þar inn. Að mati dómsins er nægjanlega sannað með framburði nefndra sona brotaþolans C, en einnig í ljósi framburðar ákærða, að hann hafi verið með hlaðna haglabyssuna á lofti þegar hann óð inn í húseignina, og þá einnig þegar hann spurðist fyrir með öskrum um hvar brotaþoli væri, þegar hann sá ekki til hans.

Það er mat dómsins þegar ofangreint athæfi ákærða er virt, ásamt lýstu hugarástandi hans, að það renni stoðum undir þann málalíbúnað ákæruvaldsins að hann hafi í raun tekið ákvörðun og hafi ótvírætt sýnt þann ásetning í verki að ráða

brotápolanum C bana. Eins og áður er lýst réð í raun tilviljun ein að nefndur brotápoli var ekki á heimili sínu og reyndi því ekki á hvort ákærða tækist ætlunarverk sitt.

Þegar ofangreint er virt heildstætt, en einnig þegar litið er til þess sem á eftir gerðist, þá er það mat dómsins að ákærvaldinu hafi tekist sönnun þess að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem tilgreind er sem tilraun til manndráps í þessum kafla ákærunnar og ber því að sakfella hann fyrir þá háttsemi í samræmi við verknaðarlýsingu. Háttsemin er því rétt heimfærð til refsíákvæða.

18. Í 3. kafla ákæru er ákærða gefin að sök hótun, brot gegn vopnalögum og barnaverndarlögum með því að hafa, undir áhrifum áfengis, hótad fyrrnefndum piltum, D og E, í verki með því að beina hlaðinni haglabyssu að þeim þar sem þeir sátu í sófa í stofu húseignarinnar [...], en þeir þá brugðist við með því að flýja út um dyr sem lágu út á verönd við húsið framanvert og síðan inn í nærliggjandi skóg, [...], en hótunin hafi verið til þess fallin að vekja hjá piltunum ótta um líf sitt og heilbrigði.

Í ákærinni er þessi háttsemi talin varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998 og 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Fyrir dómi hefur ákærði játað sök, og verknaðarlýsingu þessa ákærukafila, að því frátöldu að hann hefur eigi kannast við að hafa beinlínis beint hinni hlöðnu haglabyssu að piltunum þar sem þeir sátu í sófanum, þó svo að hann hafi beint hlaupi byssunnar inn í stofuna, en þá yfir piltana, og þá í leit sinni að föður þeirra, brotápolanum C. Að álit dómsins hefur frásögn ákærða að þessu leyti nokkra stoð í frásögn hins síðastnefnda brotápoli, sem hlýddi á frásögn sona sinna þá um kvöldið. Þá hefur þetta einnig stoð í framburði pilsins D fyrir dómi. Verður þetta því lagt til grundvallar í málinu. Að öðru leyti er samhljómur með framburði ákærða og piltanna, en einnig annarra vitna, þ. á m. lögreglukonunnar F, og þá um að piltarnir hafi flúið í skelfingu út úr eigninni vegna athæfis ákærða.

Það er niðurstaða dómsins að ofangreindu virtu að ákærði hafi með ölvunarháttsemi sinni og hótun í greint sinn skapað mikla ógn og þá alveg sérstaklega þegar litið er til ungs aldurs piltanna. Að álit dómsins eru því uppfyllt skilyrði 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998 auk 1. mgr. 99. gr. barnaverndarlaganna, sbr. m.a. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar í máli nr. 113/2015. Hefur ákærði því gerst sekur um þá háttsemi sem lýst er

Þessum kafla ákærunnar.

19. Í 4. kafla ákæru er ákærða gefin að sök tilraun til manndráps, brot gegn valdstjórninni, eignaspjöll, hættubrot og vopnalagabrot. Í verknaðarlýsingu er tiltekið að ákærði hafi skotið þremur skotum úr haglabyssu úr anddyri eða dyragætt [...]að lögreglumönnunum nr. [...]og nr. [...] þar sem þau voru í vari við bifreiðina [...], sem var kyrrstæð í heimreið [...], og að höglin hafi lent í bifreiðinni, sem og á framhlið húss nr. [...]við [...]handan götunnar með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á bifreiðinni sem og útveggjarklæðningu, útidyrhurð, húspaki og þremur rúðuglerjum hússins. Vísað er til þess að íbúi hússins hafi verið innandyra þegar þetta átti sér stað. Í ákærunni er staðhæft að með þessari háttsemi hafi ákærði stofnað lífi og heilsu annarra í augljósan háska á ófyrirleitinn hátt.

Um heimfærslu til laga er í ákærunni vísað til fyrrgreindra ákvæða um eignaspjöll, sbr. ákvæði 1. mgr. 257. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940, en einnig til ákvæða vopnlaga nr. 16/1998, þ.e. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., svo og til áðurrakinna lagagreina vegna sakargifta um tilraun til manndráps, þ.e. 211. gr., sbr. 20. gr., hegningarlaganna. Þá er í þessum kafla vísað til 1. mgr. 106. gr. og 4. mgr. 220. gr. sömu laga, en hið fyrra ákvæði hljóðar svo með síðari breytingum:

„Hver, sem ræðst með ofbeldi eða hótunum um ofbeldi á opinberan starfsmann, þegar hann er að gegna skyldustarfi sínu eða út af því, og eins hver sá, sem á sama hátt leitast við að hindra framkvæmd slíks starfa eða neyða starfsmanninn til þess að framkvæma einhverja athöfn í embætti sínu eða sýslan, skal sæta fangelsi allt að 6 árum. Ef brot samkvæmt þessari málsgrein beinist að opinberum starfsmanni, sem að lögum hefur heimild til líkamlegrar valdbeitingar, má beita fangelsi allt að 8 árum. Beita má sektum, ef brot er smáfellt.“

Ákvæði 4. mgr. 220. gr. hegningarlaganna hljóðar svo:

„Fangelsi allt að 4 árum skal sá sæta, sem í ábataskyni, af gáska eða á annan ófyrirleitinn hátt stofnar lífi eða heilsu annarra í augljósan háska.“

20. Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum máls, en einnig þeir lögreglumenn sem minnst er á í þessum kafla ákærunnar. Þá hafa önnur vitni lýst atburðarásinni að hluta, m.a. íbúi að [...], en ekki síst lögreglukonan F

Hið síðastgreinda vitni hefur að áliti dómsins með skýrum og trúverðugum hætti greint frá háttsemi ákærða innandyrna í húseigninni, líkt og henni var unnt með því að horfa inn um glugga á norðvesturhliðinni og þar á meðal eftir að nefndir lögreglumenn höfðu með skýrum hætti gert ákærða grein fyrir komu sinni að húseigninni, og þá með því að skora á hann að leggja frá sér skotvopn sín. Lögreglukona hefur greint frá því að hún hafi í kjölfar þessa fylgst með því þegar ákærði hlóð haglabyssu sína skotum og fór fram í forstofuna, en eftir það hafi hún heyrt skothvelli, sbr. það sem rakið var hér að framan í kafla V, lið 19. Að áliti dómsins er frásögn lögreglukonunnar skilmerkileg og trúverðug. Að auki hefur frásögnin nokkra stoð í vætti lögreglumannanna tveggja, sem voru fyrir utan húseignina, og verður hún því lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Að sama skapi er framburður ákærða harla ótrúverðugur, og þá um að hann hafi brugðist við ósjálfrátt með því að skjóta nær fyrirvaralaust úr haglabyssunni. Engu að síður er samhljómur með frásögn ákærða og lögreglumannanna þriggja um að atburðarásin hafi verið hröð. Það er einnig í samræmi við frásögn vitnisins J, sem hlýddi á röð skothvella.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust jatað að hafa skotið þremur skotum úr haglabyssu út um opnar aðalútidyrnar á húseigninni [...], og þá eftir að hann hafði heyrt fyrrnefnd hróp lögreglumanna, en eftir að hann hafði séð glitta í öryggisskjöld lögreglumanns þar fyrir utan, í um 10-12 m fjarlægð. Ákærði hefur lýst gjörðum sínum þannig að hann hafi ekki náð að miða haglabyssunni sérstaklega, en skotið upp í loftið. Í þessu samhengi verði ekki framhjá því horft að ákærði þekkir mjög vel til skotvopna, en einnig liggur fyrir að haglabyssan sem hann notaði í greint sinn var með fulla þrengingu í hlaupi og án pinna í skotgeymi, sbr. nánari lýsingu þar um í kafla IV, lið 3, hér að framan.

Fyrir dómi hefur ákærði skýlaust jatað sök að hluta og þá um að hann hafi með lýstu athæfi gerst sekur um vopnalagabrot, eignaspjöll, hættubrot og brot gegn valdstjórninni, sbr. áðurgreinda heimfærslu til laga í ákæru. Ákærði hefur á hinn bóginn neitað sök að því er varðar tilraun til manndráps.

21. Vettvangsrannsókn lögreglumanna hjá tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu hefur hér að framan verið lýst, sbr. m.a. kafla IV, liði 9 og 13. Gögn þessi eru ítarleg, en þau voru staðfest fyrir dómi. Líkt og þar greinir voru þrjár

haglabyssupatrónur í fortöfu húseignarinnar að [...], og skotummerki og högl á afturhluta bifreiðarinnar [...], en bifreiðin hafði verið kyrrstæð í heimreiðinni, og var afturhluti hennar um 6,4 m frá útidyrarhurðinni þegar atvik máls gerðust. Að auki segir frá því í gögnum að högl hafi verið sýnileg á framhlið húss nr. [...]handan götunnar, í tæplega 30 m fjarlægð frá útidyrarhurðinni. Voru þannig sýnilegar skemmdir á útveggjatimburklæðningu, útidyrarhurð, húspaki og þremur rúðuglerjum hússins, líkt og lýst er í þessum ákærukafla. Fram kemur í rannsóknargögnum, líkt og staðfest var fyrir dómi, að íbúi hússins hafi verið innandyra þegar atvik máls gerðust, en ályktað er að fyrrnefnd ummerki á húseign hans hafi verið eftir þrjá þyrpingar haglaskota. Eins og áður er fram komið hafði umræddur íbúi verið á vappi fyrir utan húseign sína, og verður ráðið að það hafi verið skömmu áður en ákærði og lögreglumaðurinn nr. [...], vitnið G, hleyptu af skotvopnum sínum. Að virtum rannsóknargögnum og þá m.a. varðandi staðsetningu tómrar skotpatróna úr lögregluskammbyssu, verður lagt til grundvallar að hinn síðastnefndi lögreglumaður hafi staðið við hægra framhorn bifreiðarinnar [...] þegar hann og ákærði hleyptu af byssum sínum, án þess þó að unnt sé að ákvarða nákvæma staðsetningu lögreglumannsins. Að mati dómsins er þessi niðurstaða rannsakara í samræmi við trúverðugan framburð lögreglumannsins [...], vitnisins I. Þá verður sú frásögn hennar lögð til grundvallar að hún hafi þegar atvik máls gerðust verið aðeins til hliðar við lögreglumanninn [...], og jafnframt að hún hafi strax beygt sig niður þegar hún sá ákærða munda haglabyssuna í útidyrinum.

Um það sem næst gerðist verður að áliti dómsins að líta til matsgerðar hins dómkvadda hljóðsérfræðings, sbr. kafla V, liði 1-2, hér að framan. Verður þannig lagt til grundvallar að fyrstu tveimur skotunum á vettvangi hafi verið hleypt af á nákvæmlega sömu millisekúndunni, og þá eftir að ákærði hafði mundað haglabyssuna í útidyrinum, líkt og nefndir lögreglumenn hafa báðir lýst með trúverðugum hætti. Eftir það hafi ákærði skotið tveimur haglaskotum, en lögreglumaður [...] tíu skotum. Eins og áður er fram komið var lögreglumaðurinn [...] með öryggisbúnað þegar þetta gerðist, þ. á m. varnarskjöld, öryggisvesti og hjálm, en lögreglumaðurinn [...] var aðeins íklæddur öryggisvesti.

Í gögnum tæknideildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er fjallað um skotstefnurannsókn, en þá að teknu tilliti til skekkjumarka og þá m.a. í ljósi áðurgreindra ummerkja eftir þrjá haglaskotasvermi. Var það m.a. niðurstaða rannsakara að í ljósi ummerkja hefði ákærði að líkindum staðið uppréttur í forstofunni þegar hann skaut úr

haglabyssunni í greint sinn. Jafnframt er ályktað að haglasvermur frá einu haglaskotanna hafi farið viðstöðulaust í húseignina [...], og þá með beina stefnu að lögreglumanninum [...], en þá að virtum fyrrnefndum skekkjumörkum. Þá er ályktað að tveir svermar haglaskotanna hafi farið aðeins til suðausturs frá útihurðinni, og haft þannig viðkomu í afturhluta bifreiðarinnar [...], á leið sinni að húseigninni [...]. Eins og fyrr hefur komið fram, sem er í samræmi við vettvangsskoðun dómsins, voru er atvik máls gerðust um 10-12 m frá margnefndri útidyrhurð [...]að hægri framhorni bifreiðarinnar [...], en um 30 m frá útihurðinni að húseigninni [...].

Í rannsóknarskýrslum tæknideildarinnar er sérstaklega vikið að þeim blýhöglum sem voru í þeim haglaskotum, nr. 3, sem ákærði notaði í greint sinn. Einnig er þar fjallað um þær prófanir sem gerðar voru á dreifingu hagla. Þá er umfjöllun um hámarkslangdrægni slíkra hagla, en það er sagt geta verið 210-380 m. Loks er fjallað um áætlað hættusvæði, og þá m.a. miðað við 30 m færi, en þá einnig í ljósi þeirrar þrengingar sem var í hlaupi haglabyssu ákærða, sbr. kafla III, lið 17, en einnig 20. Er það niðurstaða rannsakara að lögreglumaðurinn [...]hafi verið í verulegri hættu á að verða fyrir líkamstjóni þegar ákærði skaut úr haglabyssunni frá forstofuhurð húseignarinnar að [...].

22. Þegar framangreint er virt verður fallist á með ákærvaldinu að sannað sé að ákærði hafi hleypt af haglabyssu sinni þremur haglaskotum eftir að honum var ljóst að lögreglumenn voru komnir á vettvang við húseignina [...].

Með skýrum framburði lögreglumanna, m.a. [...] og [...], verður lagt til grundvallar að atvik máls hafi gerst með skjótum hætti eftir að ákærði birtist í útidyrnunum og miðaði hlaupi haglabyssu að þeim. Eins og áður er getið er það niðurstaða dómsins að þegar þetta gerðist hafi báðir lögreglumennirnir verið nærri framhluta bifreiðarinnar [...].

Við meðferð málsins hefur ákærði borið að hann hafi skotið nefndum haglaskotum í óðagoti, en þá með þeirri ætlan að skjóta upp í loftið og því ekki beinlínis að lögreglumönnum, en hafi þó í myrkrinu séð glitta í öryggisskjöld annars þeirra. Þessi lýsing ákærða er að áliti dómsins aðeins að takmörkuðu leyti í samræmi við framangreind rannsóknargögn tæknideildar lögreglu og áðurgreinda framburði fyrrnefndra lögreglumanna [...] og [...], og er honum því hafnað að öllu verulegu.

Í þessu samhengi er til þess að líta að haglabyssu er hlaupvítt handskotvopn, sem skýtur mörgum höglum í einu skoti, og er vopnið öflugt á stuttu færi, en fremur skammdrægt miðað við önnur vopn.

Að ofangreindu virtu, en gegn neitun ákærða, er að mati dómsins sannað, m.a. vegna þekkingar ákærða á skotvopnum, að þegar hann skaut að lögreglumanni [...] af því stutta færi sem hér var um að ræða, 10-12 m, hafi honum hlotið að vera ljóst að líklegast væri að lífstjón gæti hlotist af, sbr. að því leyti m.a. dóma Hæstaréttar Íslands í málum nr. 167/1983 og 438/2007. Hefur ákærði með þessum verknaði brotið gegn 211. gr., sbr. 20. gr., almennra hegningarlaga. Aftur á móti þykir háttsemi hans gagnvart lögreglumanni nr. [...] og íbúanum í húseigninni að [...] varða við 4. mgr. 220. gr. almennra hegningarlaga. Að þessu virtu er ákærði sannur að sök samkvæmt þessum ákærkafla og er háttsemi hans þar rétt heimfærð til laga.

23. Í 5. kafla ákæru er ákærða gefið að sök brot gegn valdstjórninni og vopnalögum með því að hafa, undir áhrifum áfengis, skömmu eftir þau atvik sem lýst er í 4. kaflanum gengið út úr húsinu og að lögreglubifreið, sem stóð kyrrstæð á akbrautinni fyrir framan húsið, þar sem lögreglumaður [...] hafði leitað vars, og ógnað honum í verki með því að beina að honum hlaðinni haglabyssu af tegundinni Beretta A400Lite. Er háttsemi ákærða að þessu leyti talin varða við fyrrgreind ákvæði 1. mgr. 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 21. gr., sbr. 1. mgr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998.

Fyrri dómi hefur ákæri skýlaust játað sök að þessu leyti. Þar sem játning ákærða er í samræmi við vætti vitna fyrir dómi og önnur rannsóknargögn er sök hans nægjanlega sönnuð, en háttsemin er og réttilega heimfærð til laga.

## X.

1. Ákærði, sem er [...]ára, hefur samkvæmt sakavottorði ekki áður verið dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur í máli þessu verið sakfelldur fyrir brot í nánu sambandi, vopnalagabrot í fjögur skipti, fyrir tilraun til manndráps í tvígang, hótunarbrot, húsbrot, eignaspjöll í tvígang, brot gegn barnaverndarlögum, hættubrot og fyrir brot gegn valdstjórninni í tvígang, og er háttsemin mjög alvarleg.

Það er mat dómsins, þegar litið er til matsgerðar dómkvaddra matsmanna, að ákærði sé sakhæfur og að ákveða beri honum refsingu, enda leysa áfengisáhrif og lítils háttar lyfjaáhrif á verknaðarstundu hann ekki undan refsingu, sbr. ákvæði 17. gr. almennra hegningarlaga, og getur hann eigi réttlætt gjörðir sínar með þeim hætti.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður að ofangreindu virtu m.a. litið til ákvæða 1., 2., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. 70. gr., en einnig 77. gr. hegningarlaganna. Til málsbóta þykir m.a. mega líta til iðrunar ákærða fyrir dómi, að hann hefur eigi áður verið sakfelldur fyrir ofbeldisbrot og að hann hefur samþykkt bótaskyldu gagnvart brotaþolum, að nokkru.

Þykir refsing ákærða að öllu ofangreindu virtu hæfilega ákveðin fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingunni skal koma óslitið gæsluvarðhald ákærða frá 28. ágúst 2021 til þessa dags.

Gerð eru upptæk til ríkissjóðs þau skotvopn sem tiltekin eru í ákæru, sem og þau skotfæri sem lögregla lagði hald á á vettvangi, eins og þar segir, sbr. 1. tl. 1. mgr. 69. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

2. Af hálfu C er einkaréttarkrafa hans sundurliðuð þannig að hann krefst skaðabóta vegna munatjóns að fjárhæð 900.056 krónur, en miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna, auk áðurgreindra vaxta og dráttarvaxta, samkvæmt áðurgreindum lögum.

Við meðferð málsins samþykkti ákærði skaðabótakröfuna að því er varðaði munatjónið.

Af hálfu skipaðs réttargæslumanns nefnds bótakrefjanda var miskabótakrafan reifuð og rökstudd nánar við munnlegan flutning, og var þar einkum vísað til ólögmastrar meingerðar og brots á friðhelgi heimilis. Um lagarök var vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en varðandi málskostnað til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 og yfirlits þar um til hliðsjónar, líkt og við aðrar sambærilegar kröfur, sbr. umfjöllun hér á eftir.

Eins og fyrr var rakið samþykkti ákærði fyrir dómi að greiða brotaþola fyrrnefnda kröfu vegna munatjóns. Hann andmælti hins vegar bótaskyldu vegna miska gagnvart brotaþola, en til vara krafðist hann lækkunar kröfunnar.

Ákærði hefur að áliti dómsins bakað sér bótaskyldu gagnvart brotaþolanum C, sbr. ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, en hann hefur verið sakfelldur fyrir tilraun til manndraps. Ber ákærði skaðabótaábyrgð á því tjóni brotaþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi, og þá samkvæmt tilvitnaðri lagagrein skaðbótalaganna. Við

ákvörðun bóta verður að nokkru litið til framlagðs sálfræðivottorðs. Ákveðast miskabætur að þessu virtu ásamt alvarleika málsins og þá til nefnds brotaþola að upphæð 1.500.000 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsorði, og þá með líkum hætti varðandi hina samþykktu kröfu vegna munatjónsins, en einnig ber að dæma ákærða til að greiða málskostnað.

Jón Jónsson lögmaður, skipaður réttargæslumaður brotaþolanna E og D, lagði fram fyrir hönd forráðamanna þeirra kröfu um að ákærði greiði þeim, hvorum um sig, miskabætur, að fjárhæð 2.500.000 krónur, auk áðurgreindra vaxta og dráttarvaxta, samkvæmt fyrrnefndum lögum. Af hálfu lögmannsins voru kröfurnar reifaðar og rökstuddar nánar við munnlegan flutning, en þar um var vísað til ólögætrar meingerðar og brots á friðhelgi heimilis. Um lagarök var vísað til 26. gr. skaðabótaglanna nr. 50/1993. Þá var krafist þóknunar til handa réttargæslumanninum vegna réttargæslustarfa fyrir báða brotaþolana, sbr. ákvæði 48. gr. laga nr. 88/2008, sbr. XXXVI. kafla sömu laga.

Eins og fyrr var rakið samþykkti ákærði fyrir dómi að greiða báðum þessum brotaþolum miskabætur, en hann krafðist lækkunar á bótafjárhæðum.

Ákærði hefur að áliti dómsins bakað sér bótaskyldu gagnvart nefndum brotaþolum, sbr. ákvæði 26. gr. skaðabótaglanna nr. 50/1993. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir alvarleg hótunarbrot gegn piltunum þar sem þeir voru á eigin heimili, en einnig hefur hann verið sakfelldur fyrir brot á vopnalögum og barnaverndarlögum. Að áliti dómsins er verknaður ákærða til þess fallinn að valda nefndum piltum, hvorum um sig, andlegri áþján, en fyrir dómi lýstu forráðamenn þeirra með trúverðugum hætti að þeir þyrftu á sérfræðiaðstoð að halda, en hefðu enn ekki viljað þiggja hana nema í mjög takmörkuðum mæli. Ber ákærði skaðabótaábyrgð á tjóni brotaþola sem rekja má til hinnar refsiverðu háttsemi. Ákvörðun bóta verður að nokkru ákveðin að álitum, og þykja miskabætur að því virtu, og í ljósi allra atvika og þá litið til nefndra brotaþola hvors um sig, hæfilega ákveðnar 1.000.000 króna, með vöxtum eins og greinir í dómsorði, auk málskostnaðar, eins og segir í dómsorði.

Af hálfu B er þess krafist að ákærði greiði henni miskabætur að fjárhæð 1.500.000 krónur, auk áðurgreindra vaxta og dráttarvaxta.

Af hálfu lögmanns bótakrefjanda var miskabótakrafan reifuð og rökstudd nánar

við hinn munnlega flutning. Var þar helst vísað til ólögætrar meingerðar og framlagðs sálfræðivottorðs, en um lagarök var vísað til 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um málskostnað var vísað til 3. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 og yfirlits þar um til hliðsjónar.

Eins og áður er rakið krefst ákærði þess aðallega að einkaréttarkröfu B verði vísað frá dómi, til vara að hann verði sýknaður af kröfunni og til þrautavara að krafan verði lækkuð verulega.

Ákærði hefur í máli þessu, og þá vegna þess brotaþola, sem hér um ræðir, verið sakfelldur fyrir brot í nánu sambandi og vopnalagabrot, með því að hafa, undir áhrifum áfengis, hótáð henni í verki með skammbyssu á þáverandi heimili þeirra. Ákærði hefur að áliti dómsins bakað sér bótaskyldu gagnvart brotaþola vegna þessa athæfis, sbr. ákvæði 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við ákvörðun bóta verður að nokkru litið til framlagðs sálfræðivottorðs, og ákveðast miskabætur að þessu virtu til brotaþola 750.000 krónur, með vöxtum eins og greinir í dómsorði, líkt og gildir um málskostnaðinn.

4. Ákærvaldið hefur í málinu gert kröfu um að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar, sem samkvæmt sakarkostnaðaryfirliti nemur m.a. 2.858.790 krónum. Að auki er um að ræða málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Þórðar Mús Jónssonar lögmanns, fyrir dómi og við lögreglurannsókn málsins, en einnig ferðakostnað hans og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, áður nefnds Jóns Jónssonar lögmanns, við alla meðferð málsins, sbr. ákvæði 235. gr. laga nr. 88/2008. Verður við ákvörðun launanna m.a. litið til umfangs málsins og lýstra starfa lögmannanna við meðferð þess, sbr. og sundurliðaðar skýrslur þar um. Einnig verður litið til þeirra sjónarmiða sem fram koma t.d. í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 290/2000 um hlutverk réttargæslumanna, svo og samlegðaráhrifa að því er varðar réttargæsluna. Verður ákærði dæmdur til að greiða þennan kostnað, eins og segir í dómsorði. Launin eru ákvörðuð að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákærvalds flutti málið Kolbrún Benediktsdóttir varahéraðssaksóknari.

Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 184. gr. laga nr. 88/2008.

Ólafur Ólafsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### D Ó M S O R Ð :

Ákærði, A, sæti fangelsi í átta ár. Til frádráttar refsingunni kemur gæsluvarðhald hans frá 28. ágúst 2021.

Upptæk eru gerð til ríkissjóðs haglabýssa af tegundinni Beretta A400Lite (með eintaksnúmerið XA155963) og 22 cal. skammbyssa, af tegundinni Beretta 87 Target (með eintaksnúmerið C52354U) sem og skotfæri sem lögreglan lagði hald á á vettvangi, sbr. 69. gr. a í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og 1. mgr. 37. gr. vopnalaga nr. 16/1998.

Ákærði greiði C 2.400.056 krónur í miska- og skaðabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til 25. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði B 750.000 krónur í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til 25. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C og B vegna sonar þeirra, D, 1.000.000 króna í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til 25. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði C og B vegna sonar þeirra, E, 1.000.000 króna í miskabætur, ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 26. ágúst 2021 til 25. desember sama ár, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 10.132.724 krónur í sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Þórðar Mús Jónssonar lögmanns, 5.602.500 krónur, en einnig ferðakostnað og útlagðan kostnað hans, samtals að fjárhæð 120.148 krónur, svo og málskostnað nefndra brotþola vegna starfa hins skipaða réttargæslumanns þeirra, Jóns Jónssonar lögmanns, samtals að fjárhæð 1.551.286 krónur.